

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína.**

1. gr.

d. liður 2. mgr. 7. gr. verður svohljóðandi: Frá og með 7 dögum fyrir got til og með 7 dögum eftir got í gotbásum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabrigða:

- a. 3. ml. 1. mgr. verður svohljóðandi: Framleiðandi skal fyrir 1. október 2015 skila inn slíkri úrbótaáætlun og kostnaðarmati ef hann hyggst sækja um frest til aðlögunar.
- b. 2. ml. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

6. liður í A. kafla í viðauka II við reglugerðina verður svohljóðandi:

*6. Gotstíur og gotbásar:*

<i>Heildarstærð m<sup>2</sup>/gotstíu</i>	<i>Lágmarksbreidd m/gotstíu</i>	<i>Lágmarks lengd m/gotbás</i>	<i>Lágmarksbreidd m/gotbás</i>
5,7	1,8	2, þar af 0,9 m heilt golf (mælt frá fóðurtrogi og aftur)	0,7-0,8 eftir stærð gyltunnar

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. júní 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Rebekka Hilmarsdóttir.*